

Fylgiskjal 2.**Yfirlýsingar**

1. Að því er varðar 9. gr.: Samkvæmt íslenskum lögum geta stjórnvöld tekið endanlegar ákvarðanir í sumum málum sem grein þessi fjallar um. Þessar ákvarðanir eru háðar endurskoðun dómstóla að því leyti að það er meginregla að dómstólar geta ógilt ákvörðun stjórnvalds komist þeir að þeirri niðurstöðu að ólögmæt sjónarmið liggja henni til grundvallar. Þetta vald dómstóla til að endurskoða ákvarðanir stjórnvalda styðst við 60. gr. stjórnarskrárinnar.

2. Að því er varðar 37. gr.: Í íslenskum lögum eru ekki ákvæði um að ungum föngum skuli halda aðskildum frá eldri föngum. Í lögum um fangelsi og fangavist er hins vegar tekið fram að við ákvörðun um í hvaða fangelsi afplánun eigi að fara fram skuli m.a. taka tillit til aldurs fanga. Með hliðsjón af íslenskum aðstæðum er þess vænst að við ákvörðun um fangelsun ungmenna verði ávallt tekið mið af hvers konar afplánun sé ungmenni fyrir bestu.

Declarations

1. With respect to article 9, under Icelandic law the administrative authorities can take final decisions in some cases referred to in the article. These decisions are subject to judicial review in the sense that it is a principle of Icelandic law that courts can nullify administrative decisions if they conclude that they are based on unlawful premises. This competence of the courts to review administrative decisions is based on Article 60 of the Constitution.

2. With respect to article 37, the separation of juvenile prisoners from adult prisoners is not obligatory under Icelandic law. However, the law relating to prisons and imprisonment provides that when deciding in which penal institution imprisonment is to take place account should be taken of, inter alia, the age of the prisoner. In light of the circumstances prevailing in Iceland it is expected that decisions on the imprisonment of juveniles will always take account of the juvenile's best interest.

AUGLÝSING**um gildistöku samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.**

Samningur frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu öðlaðist gildi 9. nóvember 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/1991 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. nóvember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.